

9. gr.

Gatnagerðargjöldum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla, og tekur það einnig til váttryggingarfjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt lögum þessum lögtaki samkv. lögum nr. 29/1885.

10. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að fresta innheimtu gatnagerðargjalda af eigendum fasteigna, sem náð hafa 67 ára aldri og þeim sem eiga við sjúkdóma að stríða.

Verði húseign seld, sem gjaldfrest hefur fengið á gatnagerðargjaldi, skal hreppsnefnd innheimta gjaldið eins og það var þegar álagning fór fram, enda sé kvöðinni þinglýst á viðkomandi fasteign.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Kjalarneshrepps, staðfestist hér með samkv. lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974 til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 12. maí 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð um nám og starfsréttindi lyfjatekna
nr. 183 4. júní 1973.**

1. gr.

12. gr. orðist svo:

Lokapróf skal haldið sem hér segir:

1. Verklegt próf í afgreiðslu lyfseðla og lyfjagerð.
2. Verklegt próf í vörubekkingu.
3. Skriflegt próf í heilbrigðis- og hreinlætisháttum, almennri lyfjafræði og lyfjabekkingu.
4. Skriflegt próf í lyfjalöggjöf, lyfjaverðlagningu, eyðublaðatækni og afgreiðslutækni.

Kennarar útbúa prófverkefni í samráði við skólastjórnina. Skólastjórn skipar prófdómara.

Einkunnir skulu gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0 upp í 10.

Til að standast lokapróf skólans, þarf neminn að hafa fengið að minnsta kosti einkunnina 5 í hverju hinna fjögurra, ofanefndra prófa.

Vegna lokaprófa á nemi rétt á upplestrarfríi á fullum launum, allt að tíu dögum í samráði við lyfsala.

Geti neminn ekki gengið undir próf vegna sjúkdóms skal hann skila læknisvottorði. Skal honum þá heimilt að ganga undir sjúkrapróf, sem halda skal við fyrsta tækifæri í samráði við skólastjóra og skólastjórn.

Lokapróf er aðskilið í 2 hluta, annarsvegar skrifleg próf, haldin í maímánuði og verkleg próf, haldin í septembermánuði.

Nema, sem ekki stenst lokapróf, skal heimilt að endurtaka próf þannig, að náist ekki einkunnin 5 í skriflegu prófi (prófum), er einungis nauðsynlegt að endurtaka skriflegu prófin, og náist ekki einkunnin 5 í verklegu prófi (prófum) er einungis nauðsynlegt að endurtaka hin verklegu próf.

Nemi, sem ekki stenst lokapróf en óskar að þreyta hið næsta lokapróf, sem haldið verður, skal vinna á tímabilinu milli prófa sem nemi í lyfjabúð. Innritist slíkur nemi til lokaprófs, sem seinna yrði haldið, þá skal hann vinna sem nemi í lyfjabúð eigi skemur en sex næstu mánuði fyrir prófið.

Slíkur nemi skal færa námsferilsbók, samkvæmt 5. tölulið fylgiskjals við reglugerð þessa.

Enginn getur gengið undir lokapróf í sömu grein oftari en þrisvar, nema að fengnu leyfi heilbrigðisráðherra.

Þeir, sem ganga undir lokapróf, samkvæmt ákvæði 1. og 2. til bráðabirgða í þessari reglugerð geta þó aðeins gengið undir lokapróf tvisvar, nema að fengnu leyfi heilbrigðisráðherra. Standist þeir nemandi ekki lokapróf, er þeim skylt að endurtaka öll próf, skrifleg og verkleg.

2. gr.

Fyrirsögn VII. kafla orðist svo: Starfsréttindi og starfssvið.

3. gr.

18. gr. orðist svo: Starfssvið lyfjatekna er aðstoðarstörf við lyfjagerð og lyfjaafgreiðslu.

Lyfjateknir má ekki starfa í lyfjabúð, lyfjaútibúi, lyfjabúri sjúkrahúsa, lyfjagerð eða lyfjaheildsölu nema undir handleiðslu og á ábyrgð lyfjafræðings.

Í lyfjaútsölu getur lyfjateknir haft með höndum afgreiðslu lyfseðilsskyldra lyfja samkvæmt takmörkuðum lista yfir ákveðnar tegundir lyfja í stöðluðum umbúðum, enda sé slík afgreiðsla einungis gerð eftir fyrirmælum læknis, skriflegum eða munnlegum og á ábyrgð viðkomandi lyfsala.

Þar sem brýna nauðsyn ber til vegna skorts á lyfjafræðingum í strjálbýli má veita lyfjateknum takmörkuð réttindi til lyfjaafgreiðslu í lyfjaútibúum að fengnum meðmælum Apótekarafélags Íslands og Lyfjafræðingafélags Íslands.

4. gr.

Við 20. gr., ákvæði til bráðabirgða bætist nýr liður:

4. Meðan hörgull er á lyfjateknum getur ráðherra heimilað að aðrir aðilar annist störf, sem í reglugerð þessari eru skilgreind sem störf lyfjatekna.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimildum í 16. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1973 og í 2. gr. laga um tæknimennntaðar heilbrigðisstéttir nr. 64 16. apríl 1971 og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 13. maí 1977.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.